



Mývatnssveit, 31. ágúst 2015

Góðu sveitungar!

Fyrsta fréttabréf Fjöreggs, félags um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi, lítur nú dagsins ljós. Með útgáfu fréttabréfs nokkrum sinnum á ári er ætlun stjórnar að vera sýnilegri meðal félagsmanna og íbúa, miðla því sem við erum að bardúsa hverju sinni, færa fréttir af starfinu, fræða, upplýsa og sá fræjum náttúruvitundar og heilbrigðs umhverfis í kringum okkur. Með öðrum orðum hlúa að, vökva og næra í þeirri von að með tímanum uppskerum við svo sem við sáum.

Fjöregg var formlega stofnað 27. febrúar 2014 eftir nokkurra mánaða ötula vinnu áhugafólks um náttúruvernd og náttúruvitund. Á fyrsta aðalfundi sem haldinn var 27. mars var ný manna stjórn kjörin og tók hún til starfa af krafti og markaði fyrstu skrefin. Verkefni voru næg og mikilvægt að forgangsraða eftir mikilvægi samkvæmt stefnu og markmiði félagsins. Strax um vorið var haldið málþing um fráveitumál og til þingsins kallaðir helstu sérfræðingar og söluaðilar fráveitumála. Okkur til mikillar ánægju tók nýkjörin sveitarstjórn við boltanum og hóf vinnu við umbætur fráveitu og er sú vinna langt á veg komin. Á árinu voru einnig haldnir tveir almennir félagsfundir og ein náttúruganga á Villingafjall undir leiðsögn og fræðslu Kára í Garði. Þegar haustaði var enn fremur kallað til málþings undir yfirskriftinni „Yndislega sveitin mín“ um áhrif ferðapjónustu á samfélag og umhverfi en þar voru haldin erindi og ýmiss fróðleikur borinn á borð.

Fjöregg hefur fengið myndarlega styrki til starfsins frá ýmsum velunnurum, fyrirtækjum og stofnunum og gerði það félaginu kleift að fá löggilta þýðingu á skýrslu sendinefndar Ramsar-sáttmálans en nefndin hafði heimsótt Ísland og komið í Mývatnssveit árinu áður. Heimasíða Fjöreggs, [www.fjoregg.is](http://www.fjoregg.is) var opnuð í sumarbyrjun 2014 ásamt Facebook-síðu og þar er að finna ýmsan fróðleik auk þess sem viðburðir eru kynntir. Nýtt kennimerki (lógó) félagsins leit dagsins ljós á haustmánuðum en höfundur þess er Arnþrúður Dagsdóttir.

Ný stjórn var kjörin á aðalfundi 26. mars síðastliðinn og hefur margt sýslað það sem af er. Ákveðið var að auka samband við almenna félagsmenn og íbúa og halda opna almenna fundi mánaðarlega þar sem eitt meginþema er til umræðu hverju sinni. Ýmis vinna er í gangi sem snýr að fræðslu og söfnun efnis sem varðar bættu umhverfisvitund. Ekki er allt sem unnið er að komið upp á yfirborðið ennþá þar sem mikill tími og vinna fer í söfnun gagna og úrvinnslu og eins útfærslu á því með hvaða hætti við hugsum okkur að koma einstaka málum á framfæri. Má hér nefna samvinnu við Dyngjufólk um sölu og hvatningu til aukinnar notkunar á fjölnota pokum fyrir verslun og varning ýmiss konar, svo og samvinnu við

Steingrím og Ellu, verslunarstjóra í Samkaup Strax, um að gera vörur með umhverfisvottun sýnilegri og hvetja til nota á þeim. Verið er að safna ýmsum umhverfisfróðleik til að birta á heimasíðu Fjöreggs sem nýlega var snyrt og snurfusuð og allt er þetta liður í að hvetja íbúa til betri háttá og umgengni við náttúruna.

Tveir stórir viðburðir eru á dagskránni nú í haust og undirbúningur þeirra er nú í fullum gangi. Fyrst ber að nefna **málþing um áhrif jarðvarmavirkjana á heilsu og umhverfi** en það verður haldið **laugardaginn 7. nóvember** og nánar kynnt síðar.

Ennfremur hefur verið ákveðið að halda almennan fund um það sem við köllum **sambýli íbúa og ferðamanna**. Þessi fundur fer fram **laugardaginn 26. september** og er öllum opin, hvort sem þeir eru félagsmenn eða ekki. Markmiðið með fundinum er að færa upp á yfirborðið helstu núningfletina sem íbúar sveitarinnar finna fyrir vegna aukins straums ferðamanna og ekki síður að koma fram með lausnir sem geta bætt samfélagið og umhverfið vegna þessarar þróunar. Form fundarins verður svokallað þjóðfundarform þar sem fyrst verða flutt erindi og síðan gefst þátttakendum kostur á að vinna í hópum þar sem þeir koma sínum málum og skoðunum á framfæri og vinna í átt að lausnamiðuðum niðurstöðum. Þessum niðurstöðum fundarins ætlum við svo að safna saman, setja fram á skýran hátt og koma á framfæri við alla þá fjölmörgu aðila sem málið snertir. Vonandi verður þetta innlegg okkar íbúa Mývatnssveitar enn fremur nýtt til áframhaldandi umræðu og lausna hvar sem tveir menn eða fleiri hittast og ræða áhrif ferðaþjónustu. Þessi fundur verður kynntur nánar og auglýstur frekar þegar nær dregur en við hvetjum alla þá sem áhuga hafa til að taka daginn frá.

Að lokum viljum við í stjórn Fjöreggs óska sveitungum hlýlegra haustdaga og snjóleysis fram til 23. desember.

Með bestu kveðju,  
stjórn Fjöreggs.